

**Fundargerð 375. fundar
framkvæmdastjórnar Sjúkraliðafélags Íslands,
haldinn 30. október 2019, kl. 15.30 að Grensásvegi 16.**

Fundinn sátu:

Sandra B Franks, formaður
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri
Kristín Ólafsdóttir, varaformaður
Jóhanna Traustadóttir, ritari

Fundarritun:

Jóhanna Traustadóttir

Fjarverandi:

Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Fundargerð síðasta fundar
3. Kjaraviðræður
 - Staðan nú
 - Starfshópur um aðgerðir
4. Uppgjör trúnaðarmannaráðsfundar, umbunagreiðslur og ályktun
5. Hjúkrunarráð LSH – frumvarp til laga um breytingar á lögum um heilbrigðisþjónustu
6. EPN í Helsinki
 - Umræða um formennsku næsta kjörtímabil
 - Fjárhagsáætlun fyrir ráðstefnu í Tromsø 2020.
 - Hugmyndir að dagskrá ráðstefnunnar í Tromsø 2020.
7. Undirbúningur fyrir Heilbrigðisþing 15. nóvember.
8. Styrktarsjóður BSRB með nýja heimasíðu og breytt umsóknarferli
9. Afmælisfundur Suðurnesjadeildar
10. Lykill að gefandi framtíð – yfirlestur og uppfærsla

Önnur mál

- Viðbótarframlag til Suðurnesjadeildar vegna afmælishátíðar
- Beiðni um framlag til Deildar sjúkraliða með sérnám
- Vinna framundan um reglur sjóða og fleira
- Kaup á vörum og dreifing

Fundargerð

1. Fundur settur

Sandra B Franks (SBF) formaður Sjúkraliðafélags Íslands (SLFÍ) setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Fram kom að Gunnar Örn Gunnarsson framkvæmdastjóri SLFÍ mæti ekki vegna þátttöku í ráðstefnuþegi réttindanefndar BSRB og tilfallandi kjaramálafundar hjá BSRB.

2. Fundargerð síðasta fundar

Jóhanna Traustadóttir (JT) ritari SLFÍ gerði grein fyrir að síðasta fundargerð væri samþykkt og komin á netið.

3. Kjaraviðræður

- SBF gerði grein fyrir að engir fundir hafi verið með samninganefnd BSRB og SNR/ríkinu frá síðasta fundi félagsstjórnar SLFÍ, þ.s. ríkissáttasemjari hafi lagt það til að einungis tveir fulltrúar frá hvorum aðila hittust á óformlegum fundum þ.s. vinnutímastyttingin væri rædd. Eitthvað hefur þokast í rétta átt. Áfram verður unnið að vitrænni lausn og engar ákvarðanir teknar nema í samráði við félögin.
- „Aðgerðahópur“ BSRB hefur lagt til að félög innan BSRB fari af stað með auglýsingaherferð þar sem hvatt er til styttingar vinnuvikunnar og auglýst sé á ruv og Bylgjunni. Auglýsingar hafa verið útbúnað og SLFÍ, Sameyki og BSRB eru byrjuð að auglýsa.
SBF nefndi að JJS hefði tekið þátt í auglýsingum á netinu/facebook og nefndi einnig að félagið þyrfti að finna fleiri sjúkraliða til að taka þátt í þessari herferð. JJS nefndi að hún vissi um einn sjúkraliða sem væri búin að vinna í umhverfi þar sem tilraunaverkefni með styttingu vinnuvikunnar var og gæti því talað af reynslu.
- Engar viðræður eru hjá aðildarfélögum BSRB við neinn viðsemjanda.

4. Uppgjör trúnaðarmannaráðsfundar, umbunagreiðslur og ályktun

SBF fór yfir að fundur trúnaðarmannaráðs hafi verið mjög vel sóttur og hafi gengið mjög vel. Mikil jákvæðni var meðal fundarmanna og áhugi.

Umbun var greidd til tæplega 90 trúnaðarmanna, sem er fjölgun frá síðasta ári.

Ábending kom um að gott væri að hafa gleði/gamantengt innslag til að brjóta upp trúnaðarmannaráðsdaginn í framtíðinni. Allir sammála um að hafa það í huga fyrir næsta fund.

Nokkur umræða var um að aðstoða þyrfti starfsfólk á skrifstofu félagsins þegar trúnaðarmannaráðsfundur fer fram, þar sem hluti starfsmanna á skrifstofu er á trúnaðarmannaráðsfundinum. Ýmsar hugmyndir voru ræddar og ákveðið að hafa þetta í huga þegar farið verður að vinna að undirbúningi fyrir næsta trúnaðarmannaráðsfund.

Rætt var um ályktunina af fundinum og hvernig hafi gengið að fá hana birta í fjölmiðlum. Umræða var um hvernig best væri að koma ályktunum betur á framfæri þannig að þær séu meira áberandi.

5. Hjúkrunarráð LSH – frumvarp til laga um breytingu á lögum um heilbrigðisþjónustu

SBF fór yfir forsöguna og umsóknarferil félagsins um aðild að Hjúkrunarráði. Erindi hefði borist frá formanni hjúkrunarráðs og bent á breyttar forsendur. Nú liggja fyrir frumvarp til breytinga á lögum um heilbrigðisþjónustu þar sem lagt er til að leggja þessi ráð niður í núverandi mynd. SBF sagði að félagið myndi fylgjast með framvindu málsins á Alþingi.

6. EPN í Helsinki

SBF fór yfir að stjórnarfundurinn hafi gengið mjög vel og allir fulltrúar verið mættir. Farið var yfir skýrslur frá hverju landi og ýmis önnur mál rædd.

Grennslast var fyrir um áhuga landanna fyrir að taka við formennsku stjórnar á komandi þingi í Tromsø. Rætt var um hvort áhugi væri fyrir hendi hjá okkur, en fram kom hjá SBF að hún væri enn að fóta sig í sinni stöðu hér heima og bædist þ.v. undan þessum heiðri allavega í þetta sinn.

Farið var yfir hugsanlegan kostnað af þátttöku í ráðstefnunni og rætt um hvaða efnistöð ættu að vera, en engar ákvarðanir voru teknar. SBF sagði frá því að EPN

greiði fyrir 4 frá Íslandi og aðra 4 frá Færeyjum og fyrir fleiri frá fjölmennari löndunum.

SBF upplýsti að komið hefði í ljós að flug stjórnarmanna voru bókuð á röngum dögum á ráðstefnuna, en búið væri að koma þeim málum í lag og mun fyrri hópurinn fara út 2. júní og heim þann 7. júní, en seinni hópurinn fer út 3. júní og heim þann 6. SBF fór yfir upplifun sína af stjórnarfundum EPN, sem er að ekki væri mikið að græða á umræðunni, en kostnaðurinn mikill. Umræða var um málið og tillaga kom fram um hvort ekki væri nóg að funda einu sinni á ári. Engin afstaða var tekin.

7. Undirbúningur fyrir heilbrigðisþing 15. nóvember

JJS sagði frá undirbúningsfundi fyrir heilbrigðisþingið 15. nóvember en hún verður fulltrúi BSRB á þinginu. Góðar umræður hefðu verið um siðferði og forgangsröðun í heilbrigðisþjónustu. Unnið hefði verið í hópum til að ná fram þverfaglegri umræðu um heilbrigðismál. Skrifað hefði verið á póstera sem verða betur kynntir á heilbrigðisþinginu. JJS nefndi m.a. vinnufundurinn hefði verið upplýsandi, og að hún hefði viljað sjá fulltrúa notenda heilbrigðisþjónustunnar svo þeirra viðhorf kæmu fram. SBF hvatti stjórnarmenn til að fara á þingið.

8. Styrktarsjóður BSRB hefur opnað nýja heimasíðu og breytt umsóknarferli

Farið var yfir að Styrktarsjóður BSRB hafi uppfært heimasíðu sjóðsins og um leið breytt umsóknarferlinu og rætt var hvað SLFÍ þurfi að gera til að umsóknir gangi vel fyrir sig. Rætt var hvort vísa eigi félagsmönnum SLFÍ alfarið á skrifstofu Styrktarsjóðs BSRB. Málið verður skoðað áfram.

9. Afmælisfundur Suðurnesjadeildarinnar

SBF sagði frá því að hluti framkvæmdastjórnar SLFÍ hefði farið á aðalfund Suðurnesjadeildar, að beiðni forfallaðs formanns deildarinnar. SBF sagði frá upplifun sinni á fundinum sem hefði gengið vel. SBF hefði ávarpað fundinn og sagði að betra hefði verið að hafa vitneskju um að stofnfélögum og eldri félagsmönnum var boðið til fundarins, því ávarpið hefði verið flutt í lok aðalfundar en áður en gestir mættu til fundarins.

10. Lykill að gefandi framtíð – yfirlestur og uppfærsla

SBF fór yfir að komin væri tími á að uppfæra hátíðarskjalið/lykilinn, en þar væru upplýsingar sem væru ekki réttar og því komin tími til að uppfæra. SBF sagði frá því að búið væri að leggja fram beiðni um að prenta sambærilegt en leiðrétt skjal og væri það í vinnslu.

Önnur mál

- Viðbótarframlag til Suðurnesjadeildar vegna afmælishátíðar.
JJS fór yfir að Suðurnesjadeildin hefði farið fram á viðbótarframlag fyrir aðalfundinn, sem búið er að samþykkja að veita. Deildin óskaði eftir að greitt yrði fyrir fyrirlesarann frá KVAN. Allir sammála því.
- SBF sagði frá því að Deild sjúkraliða með sérnám hefði lagt inn beiðni um fjárstuðning vegna aðalfundar deildarinnar. Farið var fram á ákveðna fjárhæð sem dygði fyrir fyrirlesara og veitingum. Allir samþykkir því að styðja deildina með slíku framlagi.
- Vinna framundan um reglur sjóða og fleira.

SBF fór yfir væntanlegt skipulag vegna vinnuferðar í Kiðjaberg þar sem stjórnin mun vinna við að yfirfara ýmsar reglur hjá SLFÍ. Farið verður að loknum vinnudegi föstudaginn 22. nóvember og áætlað að vinna fram á laugardag.

- Kaup á vörum og dreifing.
JT fór yfir að búið væri að panta ýmsar vörur og væru þær væntanlegar 20. nóvember þannig að þær næðu inn fyrir Evrópudaginn og þá yrði farið í að skipta vörunum niður og senda út til deildanna. JT sagði að pantað hefði verið gleraugnaþrifaklútar, minntur, endurskinsmerki, servíettur og vatnsbrúsar. JT nefndi einnig að SLFÍ þyrfti að fara að vinna í því að láta framleiða aftur peysur fyrir sjúkraliða.

Fundi slitið kl. 17.00